

**Ed.**

**260. Nefndarálit**

[45. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Vill meiri hl. (VH, GÍG og StgrA) láta samþ. frv. með einhverjum breytingum, og hafa þeir gefið út sérálit. Minni hl. getur hins vegar ekki fallizt á þetta af eftirfarandi ástæðum:

1. Með 2. gr. laga um fiskimálasjóð, töluliðum 1 og 2, eru sjóðnum tryggðar fastar tekjur með útflutningsgjöldum. Samkv. rekstrarreikningi sjóðsins námu þessar tekjur árið 1948 rúml. 1.5 millj. kr. 3. töluliður sömu greinar kveður svo á, að árlegt framlag úr ríkissjóði skuli greitt sjóðnum, allt að 1 millj. króna í 10 ár, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum. Þótti óhjákvæmilegt að hafa þann fyrirvara á þessu framlagi, þegar lögín voru sett á sinum tíma. Ef 1. gr. frv. er samþykkt, er þessi fyrirvari felldur niður, en þó engar ráðstafanir gerðar til þess að tryggja það, að framlagið sé greitt, því að það fer eftir sem áður allt eftir afkomu ríkissjóðs og afgreiðslu fjárlaganna í hvert sinn. Að lögbinda framlagið á þann hátt, sem hér er ætlað til, er hvort tveggja í senn, harla óviðeigandi og sára þýðingarlítið, þar sem hér er raunverulega ekki um annað að ræða en viljayfirlýsingu.
2. Með sömu lögum sem að framan getur er stjórn sjóðsins heimilað að taka 10 millj. króna lán til starfsemi sjóðsins og ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast slíka lántöku. Það er því ljóst, að sé ríkissjóður þess ekki megnugur að taka inn á fjárlög þá upphæð, sem nú er heimiluð í lögnum, nema auka skuldir sem því svarar, er sama takmarki náð fyrir sjóðinn með því að nota lánsheimildina, sem gefin er í gildandi lögum.
3. Samkv. 4. gr. téðra laga er fiskimálasjóði ætlað að styrkja ýmiss konar rannsóknir í sambandi við fiskigöngur og fiskistofna og nýjungar í þarfir sjávarútvegsins, enn fremur að styrkja ýmsar tilraunir til að veiða með nýjum aðferðum og nýjum veiðarfærum og að síðustu að kosta markaðsleitir fyrir sjávarafurðir. Það er að vísu ekki tekið fram í lögnum, hve miklum hluta af tekjum sjóðsins skuli varið til þessara framkvæmda, en samkvæmt eðli málsins mætti

halda, að allar fastatekjur sjóðsins ættu að notast til þessa eingöngu, þ. e. útflutningsgjöldin. Hins vegar hefur reynslan orðið sú, að tæpar 400 þús. kr. er varið á árinu 1948 til þessarar starfsemi, með þeim afleiðingum, að mörg verkefni, sem beinlínis er ætlað til, að sjóðurinn beri kostnað af, og mjög aðkallandi eru, bíða enn óleyst og margir aðilar sækja enn um styrki og aðstoð beint til Alþingis, til þess að standast kostnað við lausn slíkra vandamála, þrátt fyrir það þótt fiskimálasjóði hafi verið falin framkvæmd þeirra mála og sköpuð öll skilyrði til þess að sinna þeim mjög myndarlega.

4. Með 5. gr. téðra laga er fiskimálasjóði gefin heimild til að veita lán til ýmiss konar fiskiðjufyrirtækja. Hér er þó aðeins um heimild að ræða, gagnstætt því sem er um styrkveitingarnar, sem beint eru fyrirskipaðar. Það er því ljóst, að löggjafinn hefur beinlínis ætlað til þess, að verkefni, sem rætt er um í 4. gr. laganna, væru höfuðverkefni sjóðsins, en lánastarfsemin aukaverkefni, ef fé væri til, sem ekki þætti nauðsynlegt að nota samkv. 4. gr. laganna. En hér hefur hlutunum alveg verið snúið við. Lánastarfsemin samkv. 5. gr. laganna er orðin aðalverkefni sjóðsins, sem sést bezt á því, að árið 1948 eru, eins og fyrr segir, veittar tæpar 400 þús. Samkv. fyrirmælum 4. gr. eru ný lán veitt á árinu að upphæð kr. 1 141.120.00. Afborganir lána á þessu ári eru aðeins kr. 191 383.00, og eru þó útistandandi skuldir í árslok yfir 5 millj. króna, en tapaðar skuldir á árinu eru taldar kr. 107 000.00. Það er öllum ljóst, að starfsemi sú, sem sjóðurinn lánar þannig fé til, er í hinni mestu fjárþröng, en hitt dylst heldur ekki af reikningum sjóðsins, að hann er kominn út á hreinar villigötur með starfsemi sína og því engan veginn í samræmi við fyrirmæli laganna um fiskimálasjóð.

Nú vilja flm. frv. auka þessa starfsemi og gera hana enn ótryggari, áhættusamari og kostnaðarmeiri fyrir sjóðinn, svo að sjáanlegt er, að hér er tæplega lengur um lánastarfsemi að ræða, eins og það er almennt skilið, heldur beina styrktarstarfsemi, enda benda afborganir lána og afskriftir skulda til þess, að þannig sé þessum málum nú komið hjá sjóðnum.

Ég tel, að verkefni fiskimálasjóðs samkvæmt 4. gr. laganna sé svo mikilvægt, að það, hvernig það er rækt og hver árangur af því fæst, sé miklu meira virði fyrir fiskveiðar og fiskiðnaðinn í landinu en lánastarfsemi sú, sem sjóðurinn rekur nú, því sé það mögulegt að koma rekstri þessara mála á öruggan starfsgrundvöll, en að því miða öll verkefni, sem upp eru tekin í 4. gr. laganna, þá er miklu minni vandi að tryggja þessum rekstri þau lán, sem hann eðlilega þarfnast. Ef hins vegar er hugsað, að stofnunin skuli framvegis hafa það sem aðalverkefni að lána fé, er eðlilegast að taka það fram í lögnum og takmarka þá þar, hve mikið af eignum sjóðsins skuli jafnan bundið í slíkum lánnum. Annars kemur fullkomlega til greina, hvort ekki ætti að flytja alla lánastarfsemi sjóðsins yfir til Fiskveiðasjóðs Íslands, og mætti sjálfsagt á þann hátt draga mjög úr kostnaði við rekstur sjóðsins, sem virðist, borið saman við rekstur Fiskveiðasjóðs, vera óskiljanlega mikill, eða yfir 50% á árinu 1948.

Fr. var sent Fiskifélagi Íslands og fiskimálasjóði til umsagnar, og eru svör þeirra birt hér með.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, legg ég til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 24. jan. 1950.

Gísli Jónsson,  
form.

## Fylgiskjal I.

### FISKIMÁLASJÓÐUR

Reykjavík, 29. des. 1949.

Stjórn Fiskimálasjóðs hefur kynnt sér frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 89 frá 5. júní 1947, um Fiskimálasjóð, sem fylgdi bréfi yðar dags. 9. des. s. l.

Sjóðsstjórnin er því eindregið fylgjandi, að tekið sé upp í fjárlög næstu tíu ára cinnar milljón króna framlag til sjóðsins, eins og um getur í frumvarpinu, enda hefur sjóðsstjórnin áður ritað hæstvirktri fjárveitingarnefnd Alþingis og farið þess á leit, að tekin yrði upp í fjárlög árleg greiðsla til sjóðsins, sbr. 3. málsg. 2. greinar laganna um Fiskimálasjóð frá 1947.

Varðandi hámarkslánveitingu úr sjóðnum, kr. 350 000.00, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, vill sjóðsstjórnin taka fram eftirfarandi:

Árlegar tekjur sjóðsins verða sem næst kr. 2 500 000.00, ef frumvarpið nær fram að ganga, og gæti því sjóðurinn ekki sinnt nema sjö umsóknum á ári, þó að allar tekjur sjóðsins yrðu eingöngu notaðar til lánveitinga, en eins og hæstvirktri sjávarútvegsnefnd mun kunnugt, hefur sjóðurinn í mörg horn að líta, kostar margs konar tilraunastarfsemi, síldarleit úr lofti og á sjó, markaðsleitir o. fl. Nú liggja fyrir hjá sjóðnum allmargar umsóknir um lán, sem ekki hefur verið unnt að sinna. Þó hefur sjóðsstjórnin farið þá vafasömu leið að lofa lánnum af væntanlegum tekjum sjóðsins næstu tvö ár, en með því leyst mestu vandræði þeirra, sem í nýbyggingar eða viðbótarbyggingar hafa ráðizt á síðustu árum. Sparisjóðurinn í héraði eða bankarnir hafa svo lánað til bráðabirgða, þar til lán úr sjóðnum kæmu til útborgunar.

Með tilliti til ofanritaðs telur sjóðsstjórnin það ekki tímabært að hækka hámarkslán úr sjóðnum, meðan hann ræður yfir svo takmörkuðu fjármagni til lána-starfsemi, heldur sé reynt að dreifa þessu lánsfé til sem flestra fyrirtækja og flestra staða á landinu.

Varðandi lækkun á vöxtum af lánnum vill sjóðsstjórnin benda á, að nú eru reiknaðir tvenns konar vextir, 5% af lánnum þeim, sem urðu eign sjóðsins, þegar Fiskimálanefnd var lögð niður, og 4% af þeim lánnum, sem veitt hafa verið síðan lögin um Fiskimálasjóð voru sett.

Haldið hefur verið þeirri venju, sem áður gildi, að reikna vexti eftir á, en þær lánsstofnanir, sem lánað hafa gegn 2½% ársvöxtum og eingöngu gegn 1. veðrétti, taka forvexti og ganga ríkt eftir, að greiddar séu tilskildar afborganir og vextir.

Hjálagt sendum vér yður eitt eintak af reikningum síðasta árs, enn fremur skrá um lán, sem lofað hefur verið á næstu árum.

Virðingarfyllst,  
Fiskimálasjóður  
Gunnar Pálsson.

Til sjávarútvegsnefndar efri deildar Alþingis.

#### Lán veitt á árinu 1949.

H.f Frosti, Hafnarfirði .....	kr.	90 000.00
S. U. N., Norðfirði .....	—	18 000.00
Ísver h.f., Súgandafirði .....	—	75 000.00
Guðmundur Jörundsson, Akureyri .....	—	150 000.00
Fiskimjöl og lýsi h.f., Grindavík .....	—	70 000.00
Sveinbjörn Árnason, Garði .....	—	50 000.00
Fram h.f., Fáskrúðsfirði .....	—	50 000.00
H.f. Mata, Reykjavík .....	—	85 000.00

Ísver h.f., Súgandafirði .....	kr.	30 000.00
S.f. Frosti, Keflavík .....	—	75 000.00
Hraðfrystihús Eskifjarðar h.f. ....	—	50 000.00
Ís h.f., Kópavogi .....	—	150 000.00
Hraðfrystihús Fáskrúðsfjarðar h.f. ....	—	80 000.00
Fiskimjöl h.f., Ísafirði .....	—	70 000.00
Ísfélag Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum .....	—	150 000.00

Samtals kr. 1 193 000.00

#### Lofuð lán.

Hraðfrystihús Flateyjar .....	kr.	150 000.00
Þorlákur Guðmundsson, Súðavík .....	—	6 000.00
Frosti h.f., Súðavík .....	—	60 000.00
H.f. Fram, Fáskrúðsfirði .....	—	50 000.00
Hraðfrystihús Suðurfjarðarhrepps .....	—	150 000.00
Hraðfrystihús Dýrfirðinga, fiskimjölsverksmiðja ...	—	80 000.00
Kaupfélag Borgfirðinga, eystra .....	—	100 000.00
Íshúsfélag Bolungavíkur, Bolungavík .....	—	100 000.00
H.f. Ísfell, Flateyri .....	—	150 000.00
Hraðfrystihús Hellissands h.f., Hellissandi .....	—	70 000.00
Hraðfrystihús Grundarfjarðar h.f., Grundarfirði ....	—	115 000.00
Hraðfrystihús Gerðabátanna h.f., Gerðum .....	—	70 000.00
Björn Benediktsson netagerðarm., Reykjavík .....	—	150 000.00
Fiskimjöl, Ísafirði .....	—	150 000.00
Fiskiðjusamlag, Ísafirði .....	—	150 000.00
K.f. Stykkishólms og Sig. Ágústsson fiskimjölsverksm.	—	150 000.00
Sigurður Ágústsson .....	—	100 000.00
Íshúsfélag Stokkseyrar .....	—	80 000.00
K.f. Vopnafjarðar .....	—	100 000.00
Hraðfrystihús Breiðdælinga .....	—	80 000.00
Vélsmiðjan Þór, Ísafirði .....	—	100 000.00
H.f. Kaldbakur, Vatneyri .....	—	150 000.00
Dráttarbraut Norðfjarðar .....	—	50 000.00
H.f. Frosti, Raufarhöfn .....	—	150 000.00
Fiskiðjusamlag Húsavíkur .....	—	150 000.00

Samtals kr. 2 661 000.00

#### Fylgiskjal II.

#### FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 5. jan. 1950.

Vér höfum móttækið bréf hv. sjávarútvegsnefndar, dags. 9. f. m., þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimála-sjóð.

Á fundi sínum í gær samþykkti félagsstjórnin að mæla með frv. þessu, en vill þó í því sambandi benda á, hvort ekki gæti til mála komið að færa útlánastarfsemi þessa yfir í Fiskveiðasjóð.

Virðingarfyllt,  
Davið Ólafsson.

Til sjávarútvegsnefndar Ed. Alþingis, Reykjavík.